

10. BEKKUR FYRR OG NÚ



FS9078



Dramatík

Horið lekur hægt niður úr NÖSINUM í átt
að tungunni sem seilist óþolinmóð eftir
bragðgóðu horinu. URR

Þvílíkar ástríður.

Það er til kona sem heitir Ástríður.

Höfundur óskaði nafnleindar.
(skiljanlega).

Ríma:

Eg ber hann með leður ólum.
Hann svarar með spangólum.
Eg geri þetta á hverjum jólum.
Hann er með minni máttarkennd
út af tveimur bóllum.
Kö lokum setjumst við niður og
gólum.
Eg brenni hann á rassgatinu
með friðarljósi.




Samið af Guðbjörgu og Dagnýju
í skíðaferðalagi "93!

Litagl... svaraðu mér. Hvað er
að þaðast upp í rassinn á þér?

Hver er eftirlætis nautnin þín?

- Að klóra mér í rassinum
með TÆKINU !!!

FALLERÍ ! FALLERA !



10. bekkur eftir 15 ár!

Ármeý er orðin ástfangin af einhverjum svaka töffara, hún rekur útvarpsstöð og er ennþá jafn sjúklega hress!

Toni er náttúrulega giftur Díu. Hann býr með sinni elskulegu konu og börnum sínum í glæsilegu húsi í Sandgerði sem hann byggði sjálfur.

Birna rekur tiskuverslun í kringlunni en býr í Kópavogi ásamt manninum sínum (sem er vöðvafjall) og litlu sætu rauðhærðu stelpunni sinni.

Einar Berg rekur útgerðarfyrirtæki með miklum hagnaði og er í stjórn Sigurvonar. Hann á fjallmyndalega konu og þrjú börn. Hann keyrir um á Mercedes Benz.

Daði býr á Egilstöðum og starfar sem garðyrkjufræðingur. Hann býr í penthouseíbúð ásamt konu sinni sem hefur sjúklega æsandi fótleggi.

Einar Júl býr í Ástralíu. Hann er formaður samtaka um verndun kóalabjarna. Hann keyrir um á umhverfisvænum bíl sem gengur fyrir matarolíu.

Dagný býr í skrítnu grænu húsi með hurð sem er í laginu eins og skráargat. Þetta hús er í Rússlandi þar sem hún starfar sem fréttakona. Enginn hefur ennþá slegið heimsmet hennar í 400 m hlaupi.

Einar V. vinnur sem röntgentæknir á sjúkrahúsinu í Keflavík. Hann á fjórar litlar stelpur og bara eina konu. Konan er frá Danmörku. Hann býr í stóru einbýlishúsi í Keflavík.

Grétar Ó býr í Englandi. hann starfar bæði sem atvinnumaður í fótbolta og í snóker. Hann er að hugsa um að leggja boltann á hilluna. Konan hans er fræg Hollywoodleikkona.

Elli er sjálfstæður atvinnurekandi. Hann á þrjá bíla, eina konu, tvo syni, eitthús, einn sumarbústað og hefur 36 manns í vinnu.

Grétar Páll er lögfræðingur en þó að hann sé orðinn þrítugur vinnur hann samt ennþá annað slagið aukavinnu sem módel. Hann á konu sem er 185 cm á hæð og er líka lögfræðingur.

Emmi starfar sem fyrirsæta í París en er að hugsa um að fara út í fatahönnun og jafnvel fara að framleiða eigin snyrtivörulínu. Hann keyrir um á Þorchi og er glaumgosi.

Guðbjörg er að ljúka námi í skurðlækningum í Bandaríkjunum. Hún á í ástarsambandi við Ítala sem er forríkur!!!

Gróa er lögfræðingur. Hún þykir hörð í horn að taka og er ansi dýr. Hún á stóran og stæðilegan mann sem vinnur sem ljósmóðir. Gróa býr í Sandgerði.

Ingimundur er bóndi. Honum vegnar vel og hann á góða konu og son sem er þakkari eins og þabbinn. Hann spilar alltaf annað slagið á sveitaböllum með sveitahljómsveitinni sinni.

Guðrún er háskólamenntuð og hún á háskólamenntaðan mann frá Hollandi. Þau eiga heima í fallegu gömlu húsi í miðbæ Reykjavíkur. Þau er að hugsa um að eignast lítið barn.

Kristín er ritstjóri á mjög vinsælu tímariti. Hún á mann sem er alþingismaður. Þau eru mjög áberandi í þjóðfélaginu. Hún er ófrísk í fyrsta skiptið og rómantíkin blómstrar.

Jón Freyr er skipstjóri á stóru millilandaskipi. Hann á sér ástkonu í hverri höfn og er yndislega hamingjusamur. hann er ennþá jafn spaugsamur og skemmtilegur.

Rakel er hjúkrunarkona. Hún keyrir um á blæjubíl í Beverly Hills. Maðurinn hennar er forríkur kvikmyndaframleiðandi. Hún stunar bari sem bjóða upp á karaokesöng.

Jón Karl er skipstjóri á togara, alger aflakló! Í landi á hann hrúgu af krakkaormum, hamingjusama konu, jeppa og einbýlishús. Börnin hans ganga í Grunnskóla Sandgerðis.

Siddi er sálfræðingur. Hann hefur sett upp sína eigin stofu í Sandgerði (þetta var mjög brýnt verkefni). Hann er einnig með fría heimsendingarþjónustu um öll Suðurnes.

Karólína býr í Bandaríkjunum og starfar sem dýralæknir. Hún á í ástarsambandi við mann sem býr í Japan. Hún á 14 mismunandi tegundir af gæludýrum.

Villi í KA bekknum býr í Reykjavík. Hann er í góðu starfi hjá fyrirtæki sem flytur inn krem til varnar útfjólublárrí geislun sólarinnar. Hann skrifar vinsælar ástarsögur í frístundum.

Kolla er nýkomin aftur til Íslands frá Ítalíu þar sem hún vann fyrirsætustörf. Hún keyrir um á teinóttri bjöllu. Hún er búin að fá vinnu sem verslunarstjóri í tiskuvöruverslun.

Örvar vinnur sem fararstjóri í Kína. Hann talar kínversku reiðbrennandi (kínverska konan hans kenndi honum)!! Hann er alveg að fara að giftast kínversku konunni.

Siggi Á er auglýsingateikari. Hann býr í Mosfellsbæ ásamt fjölskyldunni. Frístundum eyðir hann í ferðalög út um allan heim. Konan hans á flugfélag!

Höskuldur er bæjarstjóri í Sandgerði. Hann á konu sem er í kvenfélaginu og hann fær heitan hafragraut á hverjum morgni. Hann er búinn að hrúga niður litlum Höskuldum.

Siggi B. er á góðri leið með að verða prófessor við Háskóla Íslands í Sagnfræði. Hann keyrir um á skoda og býr einn í kjallaraíbúð í Vesturbænum. Hann á í ástarsambandi við fótisnyrtidömu.

Matti er smiður. Hann byggði sér hús við hliðina á Tona í Sandgerði. Honum og konu hans sem er frá Flateyri líður mjög vel. Hann þjálfar yngri flokka Reynis í fótbolta.

Villi vinnur hjá hitaveitunni, á flottan bíl, góða konu, sjö börn, hús í Sandgerði og hann er bara hress! Í aukavinnu syngur hann blús á hinum ýmsu skemmtistöðum.

Día er konan hans Tona. Hún er sjúkraþjálfari að mennt og vinnur í Keflavík. Hún keyrir á milli á frúarbílnum. Hún kennir einnig tónmennt í Grunnskóla Sandgerðis.

Lilja rekur vinsælan skemmtistað í höfuðborginni. Hún á marga elskhuga. Hún hefur sungið inn á tvær hljómplötur og þær hafa báðar slegið í gegn. Hún er heitasta pían á Fróni !!!

Karen er núna að "krúsa" um Bandaríkin á mótórhjóli. Hún fór út strax eftir að hún útskrifaðist úr Háskólanum sem heimspekingur! Heima í bílskúrnum bíður gömul Mustanghrúga sem þarf að lagfærast.

Sigurbjörg býr með gæjanum sem hún er að fara að giftast í Hafnarfirði. Hún er ljóðskáld, en vinnur í blómabúð þangað til að hún verður fræg fyrir ljóðin.


Grímur er með hár niður á rass. Hann er kennari í Grunnskólanum í Sandgerði. Hann kynntist konunni sinni í kennaraháskólanum. Hún er nú dönskukennari í Sandgerði.

SANDKORN MÆLIR MEÐ:

- Aukinni notkun smokka með ýmiskonar ávaxtabrögðum, þeir eru svo seðjandi.
- Rage against the machine tónleikunum 12.júní næstkomandi í Krikanum!
- Fleiri skólablöðum á næsta ári.
- Slökunaraðferðum Guðjóns í samræmdum prófum.
- Að Þórunn leikfimikennari haldi áfram í góða skapinu.
- Að fundið verði upp lyf gegn morgunfýlu.
- Reyklausum skóla!
- Að kennarar fari út í frímínútur.
- Always-ultra dömubindum með vængjum og túrtöppum með þotuhreyflum.
- Sjálflýsandi smokkum með mynd af íslenska fánanum (ef að þeir eru til!)
- Framhaldsmenntun
- Að Sandgerðingar haldi áfram að reyna að sigra ræðukeppnir.
- Varúð í umferðinni, krakkarnir sem voru í 10.bekk í fyrra eru öll að fá bílpróf.
- Gleraugum fyrir sjón dapra.
- Seattle rokki!
- Ofbeldi gegn kennurum.



Dagný og Karó
að þrifa mat -
salinn í samkomu-
húsinu á Kirkju-
þéjarklaustri!!!



LÍFIÐ ER YNDISLEGT



AND VASKA UPP Í VORFERDALAGINU

NOKKUR ORÐ UM NIRVANA

Eftir Garðar Þór Eiðsson

Til þess að geta sagt til um aðdraganda hljómsveitarinnar Nirvana verður maður eiginlega að byrja þegar söngvari hljómsveitarinnar, Kurt Cobain var 6 ára er hann heyrir í hljómsveit sem kallaði sig The Beatles, en þá fékk hann uppreisn æru og ákvað að gerast gítarleikari eins og átrúnaðargoðið John Lennon heitinn.

Já, sem sagt, Kurt ákveður að gerast næsti Lennon þar sem hann spilaði á loftgítar og hélt Bítlatónleika fyrir fjölskylduna þar til hann fattar sér til mikilla vonbrigða að Bítlarnir hættu fimm árum áður. En hann gefst ekki upp og fær sér alvöru gítar til að hrella fjölskylduna með. Nú, hann fer í skóla og svo í háskóla og einn góðan veðurdag rekst hann á 2ja metra slána sem er að gera bíl úr makkarónum, og ráðleggur honum að strá glimmi yfir hann, og eins og eigandinn sagði á móðurmálinu "That really did it!". Fara þeir að ræðast við og kemur í ljós að sláninn heitir Chris Novoselic og spilar á bassa (henntugt hljóðfæri fyrir slána, er það ekki?). Verða þeir alveg hrikalega góðir vinir og árið 1986 ákveða þeir að setja saman hljómsveit, sem, enn þann dag í dag heitir Nirvana. Fá þeir trommara að nafni Chad Channing með sér og árið 1988 kemur fyrsta smáskífa sveitarinnar út. Hét hún Love Buzz og er "cover" af gömlu hollensku popplagi. Er hún löngu orðin safngripur og er seld notuð á 6 þús. krónur úti í löndum. Árið 1989 kemur svo fyrsta breiðskífa sveitarinnar og heitir hún Bleach. Á henni á víst að vera annar gítarleikari, Jason Everman, en hann kom ekki nálægt plötunni á annan hátt en að hann borgaði þessa 600 \$ sem platan var tekin upp fyrir, og er sagt að hljómsveitin skuldi honum enn þessa peninga. En víkjum nú að alvöru meðlimum. Í miðjum upptökum á Bleach hættir Chad Channing á trommum og í hans stað kemur Dale Crover og klára þessi 3 lög sem voru eftir. Af Bleach kemur ein smáskífa út og heitir hún Blew og er jafnframt fyrsta lagið á plötunni. Árið 1990 gefa þeir út tólftommuna Sliver út

með sömu hljómsveitaskipan. En 1991 kemur svo sprengingin, hin nýútkomna Nevermind æðir upp alla sölulista og fyrsta smáskífan, Smells Like Teen Spirit, æðir upp alla vinsældarlista, öllum, og þó sérstaklega þeim Kurt, Chris, og nýja trommaranum Dave Grohl, að óvörum. Svona til gamans, má geta þess að útgáfufyrirtækið þeirra, Geffen Records (sem líka gefur Guns N' Roses plöturnar út) hafði ekki mikla trú á þeim því áætlað upplag af plötunni var upphaflega 250.000 en seldist í 7 milljónum eintaka og er enn að seljast. Smáskífurnar urðu þrjár fyrir utan þessa fyrstu. Þær eru: Come As You Are, Lithium og In Bloom. Í febrúar s.l. tekur Kurt upp á því að gifta sig og hættir að búa í bílnum sínum. Hin útvalda heitir Courtney Love og er söngvari og gítarleikari í kvennahljómsveitinni Hole. Nú, nýjasta afurð Nirvana ber hið skrítna nafn Incesticide (Ísl.þýð. Sifjaspellsmorð), og er saman safn af óútgefnu efni og gömlum lögum í nýjum búningum. Tríoíð skellti sér í stúdíó á dögnum og tók upp nýja plötu og á hún að koma út bráðlega og halda margir (allavega vona) að þar verði a.m.k. eitt "hitt" a la Smells Like Teen Spirit. Bið ég nú fólk vel að lifa og íhuga hvað það er nú klikkað að nenna að lesa svona dót. Bless.



Karen í hörku
sveiflu!
Ung og óreynd
fyrir ferminngu!




Birna
og 'Armen'
sjúklega
sakla

W. Axl Rose er mjög vinsæll um þessar mundir fyrir að vera með ofbeldi á tónleikum. Dómur var kveðinn yfir Axl Rose söngvara rokksveitarinnar Guns N'Roses í St. Louis á þriðju deginum 9. apríl. Niðurstaðan var tveggja ára fangelsisvist og þriggja milljóna sekt. Dómurinn er skilorðsbundinn og söngvarinn sleppur við fangelsisvist svo framalega sem hann brýtur ekkert af sér á næstunni. Tildrögin eru þau að Axl Rose gekk berserksgang á tónleikum sveitarinnar í St. Louis á síðasta ári. Hann ruddist m.a. inn í áhorfendaskarann, lúskraði á ljósmyndara og yfirgaf síðan tónleikasalinn. Í kjölfar þess varð allt vitlaust og hljómleikagestirnir lögðu svæðið nánast í rúst.

Fyrir tveimur árum var trommari Guns N'Roses rekinn úr sveitinni þannig að þeir þurftu nýjan trommara. Þeir leituðu að trommara og voru búnir að prufa nokkra í stúdíóinu þegar að Axl Rose fann einn svo lélegan að hann barði hann næstum til dauða í lyftu þegar að þeir urðu samferða niður, bara út af því að hann var svo lélegur trommari.

Nú er Axl Rose sloppinn úr fangelsi. Hann hljóp út á svið á tónleikum allsber og út á götu í St. Louis.


HÖF: Ingimundur



run leggst á alla þá sem lesa þetta blað!

SANDKORN ER Á MÓTI:

- Vímuefnum.
- Því að hætta námi eftir 10.bekk.
- Ökuníðingum.
- Andlegu ofbeldi gegn nemendum.
- Klámi!
- Kynlífi innan 20 ára aldurs. (Að sjálfsfróun undanskilinni)
- Pizzum með þunnum botni.
- Hælaskóm í háلكu.
- Ríkisstjórninni.
- Fýlupúkum.
- Andfýlu, táfýlu og allri annars konar líkamslykt.
- Bjórömbum.
- Náttúruspjöllum.
- Lokaprófi í fögum sem koma til samræmds prófs.
- Óþarfa umbúðum.
- Því að Karen safni hári aftur.



Fyrsti brandarinn er svona: Einu sinni var einn maður sem fór upp á fjall en hann vissi ekki til hvers hann var að fara upp á fjall.

AH... AH...



All we need is love !!! dudduruddudd !!!

Dagný borðar sjávarréttapizzu með bestu list.

SÍSÍ FRÍKAR ÚT !!!

STJÖRNUSPÁ

VATNSBERINN: Ef að ég væri þú mundi ég aldrei syngja í karaoke því þú ert gjörsamlega laglaus. Passaðu þig á því að muna eftir að fara í sundfötin áður en þú ferð i laugina næst þegar þú ferð í sund. Þú ættir að ekkert að vera að þvælast á Hafnargötunni um helgina.

FISKARNIR: Þú hefur verið leiðinlegur undanfarið og það eru allir búnir að fá nóg af þér. Það væri mjög góð hugmynd að halda sig bara heima næstu dagana. Síðan eftir svona mánuð getur þú farið aftur út og þá verða allir búnir að gleyma hvað þú varst leiðinlegur.

HRÚTURINN: Nú blómstrar ástin! og-BLP-! Ef að þú ert ekki nú þegar komin á fast ættir þú að drífa þig út að leita. Hún/hann er ekki svo langt undan. Og svo að það fari nú örugglega ekkert úrskaiðis þá er svitalyktareyðir ekkert svo dýr. Þú ættir ekki að borða hvítlauk á næstunni.

NAUTILD: Það gengur allt í haginn hjá þér á næstunni. Þú verður bjartsýnni og bjartsýnni með hverjum deginum. En passaðu þig þú verður að ná þér niður á jörðina áður en allir fá ógeð á glottinu á þér! Fáðu þér kálhaus!

TVÍBURARNIR: Nú er ekki gaman að lifa! Þú ert annað hvort nýbúinn að eiga afmæli eða alveg að fara að eiga afmæli. Sem væri í sjálfu sér gott mál, en þú ert bara alls ekkert í afmælisskapi. Það

er bara eitt við því að gera. Farðu í langt ferðalag og komdu aldrei aftur! Allavega ekki nærri strax!!!

KRABBINN: Krabbar eru í góðu skapi þessa dagana. Þeim líður aldrei betur en á vorin. Ef þú ert krabbi ættir þú að fara að gera eitthvað verulega frumlegt. Hættu svo að vera hræddur um að þú gerir þig að fifli. Þú ert það! En þú ert yndislegt fifl! Farðu til Hriseyjar í sumarfrí í haust.

LJÓNID: Ljónid er í alveg urrandi fýlu núna. Guð má vita hvers vegna því að það er allt í finu lagi hjá þeim núna. Ljónin ættu því að rífa sig upp úr þessu þunglyndi og fara að gera eitthvað. Fara í fjöruferð eða fara að klifra í Gryfjunni. Það er svo gott fyrir sálina. Happamaturinn þinn er ABT-mjólk og happafuglinn þinn er fýll!!!

MEYJAN: Meyjan á í basli með heimilið núna. Það er allt á hvolfi! Ef að þú ert meyja þá er aðeins eitt hægt að gera í þessu vandamáli. Þú verður að fá þér vinnukonu. (Að taka til er aðeins skammtimalausn!) En burt séð frá því þá ert þú alveg ágætur. Hættu að reykja, það er heilsuspillandi!

VOGLN: Þú ert æsandi þessa dagana "HOT"!!! Það eina sem þig vantar til að gera þig hamingjusaman er almennilegur maki. Því finnur hann ekki nærri strax. Ef að þú finnur hann þá einhvern tímann. Það þýðir samt ekkert að fara í þunglyndi yfir þessu. Vertu með í VÍKLINGALOTTÓ þú ert heppinn núna.

SPORÐDREKINN: Þú ert lukkunnar þamfill!
Grasið á blettinum hjá þér er óeðlilega grænt og það er allt þér að þakka. Frá þér berast svo yndislegir straumar að grasið tekur fjörkipp. Þannig er einnig farið með félögum þínum. Þeir taka fjörkipp í nálægð þinni. Þú ert hamingjusamasti maðurinn í heiminum. Fáðu þér humar í raspi.



BOGAMÁÐURINN: Þú ert rosalega spennur núna!
SLAPPADU AF!!! Fáðu einhvern til að nudda á þér bakið. Fáðu þér viku fri frá vinnu og farðu í afslöppunarferð til Parísar. Brostu það slakar á vöðvunum í hálsinum. Hláturinn lengir lífið, gerðu grín!

STEINGEITIN: Þú ert nú meiri JÓLASVEINNINN!
Þú ert aldrei til friðs hvert sem þú ferð. Alltaf sömu lætin í þér. Farðu að haga þér eins og fullorðin manneskja og sestu á rassgatið! Þegiðu!
Þú ættir að fá þér sveskjusafa (hann er svo leysandi) svo er happatalan þin 1.

DRAUMAPRINSINN MINN !!!

Draumaprinsinn minn er með fallegan feitan maga á að giska 1 meter. Hann er með litlar freknur út um allt á sínu sjálflysandi hörundi, sem er svo kynæsandi að ég gæti orgað. Á litlu kubbslegu fótunum eru þær svitamestu og yndislegust tær sem ég hef séð, það æsir mig svo upp þegar að svitinn fellur af þeim í lítratali. Svo er hann svo rosalega andfúll að það gæti liðið yfir mig að einskærri nautn. Draumaprinsinn minn er líka einstaklega sparsamur. Sem dæmi uma það get ég nefnt að þegar að ekkert er til að borða í ísskápnnum, sættir hann sig við það að borða það sem hendi er næst, úr nefinu. Líkamlega byggður líkist hann litlum sætum andarunga sem vaggar til og frá í hverju skrefi. Fleira get ég ekki nefnt um draumaprinsinn minn en ykkur ætti að vera orðið ljóst hversu yndislegur hann er.

Bína brjálaða.





YÖU!!!



"Hey, look at ME!"



Grétar Ólafur
(Michael Jackson)



10. bekkurinn er í heild sinni stórskrýttinn
Ef við tökum strákana fyrir fyrst þá má
greinilega sjá að þeir eru andlega þroskaheftir.
Þeir koma yfir þar sem 8. bekkurinn hefur
aðsetur og elta þá út um allt Sandgerði.
Þetta er nú ekki normalt af 10. bekkingum.
Svo eru það stelpurnar. Guð minn almáttugur
þvílíkar frekjur. Svo þykjast þær vera eitthvað
fínar en þær eru svo feitar að þær nota vídd 38
í levi's gallabuxum. Annað hef ég ekki að segja núna
um 10. bekkinn. Þó svo að ég gæti skrifað 500. blað-
síðna bók um hann og ég hef annað betra að gera
Undirskrift: Róbert Aron Brink Róbertsson.



Verðum við ekki
fegin að losna
við 10 bekkinn?

Skop um Rebekku.

Rebekka er mjög hugljúf
og róleg stúlka. (NOT)
Hún á það til að æsast stundum
upp og lemja okkur vinkonunar,
og það mjög illilega.
Hún er mjög stjórnsöm og
skemmtilega ákveðin(FREK).
Hún er líka mjög mikið fyrir
stráka(B.L).
Það er mjög gaman að vera með
henni um helgar því hún leggur
sig alltaf.

Undirskrift

Birna og Ármey

Veistu af hverju ljóska klifraði yfir
glervegginn? Til þess að sjá hvað var hinu
megin.

ÍSLAND: Ég elska þig.
DANMÖRK: Jeg elsker dig.
ENGLAND: I love you.
FINNLAND: Mia rakastan sinua.
FRANKLAND: Je t'aime.
INDÓNEDÍA: Saya cinta Padomu.
ÍTALÍA: Ti amo.



JÚGÓSLAVÍA: volim te.
PORTÚGAL: Eu te amo.
RÚSSLAND: Ya teblu te búa.
SPÁNN: Te quiero.
SVÍÐPJÓÐ: Jeg elsker dig.
TYRKLAND: Ben seni seuyorum.
PÝSKALAND: Ich liebe dich.
GRÆNLAND: Assassaki.



GÓÐI MAÐURINN KEMUR BRÁÐUM !!!!!

Hann ætlar að leika við þig, en fyrst ætlar hann að klæða þig í hvíta fallega peysu. Þegar þú ert kominn í fallegu peysuna getur þú ekkert hreyft hendurnar. Það verður gaman! Síðan gefur hann þér svona lítið hvítt nammi. Þá líður þér vel! Svo fer hann með þig inn í hvítt herbergi. Þar máttu leika alveg eins og þú vilt. Þar geturðu lamið hausnum alveg eins fast og þér sýnist í veggina. Þá máttu andskotast alveg eftir geðþótta af því að veggirnir eru mjúkir. Og ef að þú verður góður, þá leifir kannski góði maðurinn þér að fá



RAFLOST !

VINSAMLEGAST LESIÐ EKKI ÞESSA BLAÐSÍÐU


Viðtal við Höskuld.

- Fullt nafn- Höskuldur Sigurðarson.
- Stjórnumerki- Sporðdrekinn.
- Fæðingadagur- 11-nov '77
- Hvar bjóst þú áður en þú fluttir í Sandgerði?
- Á Álftanesi.
- Hvað í Sandgerði kom þér mest á óvart?
- Hvað Sandgerðingar drekka mikið.
- Hvað er þér minnstæðast frá þessum skóla?
- Skíðaferðin.
- Ert þú mikill íþróttamaður?- Já, já, ég er körfuknattleiksknapi mikill.
- Horfir þú á þáttinn Sporðaköst á stöð 2?
- Nei, ekki svo að ég viti.
- Hvernig tónlist hlustar þú á?- Allt nema þungarokk.
- Hefur þú verið í tónlistaskóla?- Nei, og ég ætla aldrei að fara í tónlistaskóla.
- Ert þú hvalavinur?- Mér er sama þó að þeir séu drepnir svo lengi sem þeir eru ekki allir drepnir.
- Hvað er neyðarlegasta atvik sem hent þig hefur?
- Það hefur aldrei neitt neyðarlegt hent mig (NOT).
- Hvort finnst þér skemmtilegra í sturtu eða baði?
- Ég fer sko alltaf í sturtu en samt finnst mér skemmtilegra í baði.
- Hver er þinn uppáhalds matur?- Jólamaturinn, sem heitir Lambahryggur.
- Kannst þú að matreiða eitthvað?- Já,ég kann að sjóða egg, elda spaghetti og svo kann ég að baka brúnköku.
- Hvað borðar þú vanalegast í morgunmat?
- Kornflögur með nýmjólk, ég borða það úr súpuskál og mað matskeið.
- Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór (fullorðinn)?- Mig langar að verða geimfari.
- Í hvaða skóla ætlar þú þegar þú hefur lokið Grunnskólanum?- Í menntaskólann á Laugarvatni eða í Fs.

Gústi litli hafði verið hjá tannlækni í fyrsta skipi og látið draga úr sér tönn.
Þegar hann kom heim spurði mamma hans
- Jæja er þér ennþá illt í tönninni?
- Ég veit það ekki. Hún er ennþá hjá tannlækninum.

Viðtal við Ármey.

- Fullt nafn- Ármey Guðný Sigurðardóttir
- Fæðingardagur- 19-des '77
- Stjörnumerki- Bogamaður
- Finnst þér gaman í pílu?- Nei, ég kann ekki einu sinni pílu.
- Hver er uppáhalds útvarpsstöðin þín?
- Sólin.
- Besta kvikmynd- Stella í orlofi.
- Besti leikari- Robert De Niro
- Ætlar þú í ferðalag í sumar?- Já, ég ætla að tjalda á Stafnesi.
- Átt þú einhver gæludýr?- Já, fjögur brjáluð systkini.
- Hvað er uppáhalds súkkulaðið þitt?
- Mars.
- Hefur þú smakkað ABT-mjólk?- Nei, ég myndi aldrei þora því.
- Hvers gætir þú alls ekki verið án?
- Kynfærisins.
- Hvernig lítur draumaprinsinn þinn út?
- Hann er dökkhærður, með krippu, langar neglur og krumpað t.....
- Bestu vinir?- Rebekka, Birna, Kristín og Lilja.
- Notar þú endurskinsmerki á veturna?
- Já, stundum þegar ég læt það á úlpuna mína.
- Hvað býst þú við að gera í lífinu?
- Að halda áfram að ríða.



TRUÐARMAÐ



Skemmtilegustu
ferðafélögarnir
í vortrúðalaginu!
Grétar Páll var svo duglegur
við að redda húsbúnaði,
Binni stóð á haus í þöti-
vindunni, Lilja fór
gjörsamlega á kostum í
ferðinni og Höskuldur?



Viðtal við Emma.

- Tekur þú lýsi á hverjum morgni ?
- Já, það geri ég svo ég verði öflugur.
- Hvort finnst þér DV eða Mogginn skemmtilegri? - Mogginn, hann er svo öflugur.
- Hvað ætlar þú að eiga mörg afkvæmi?
- 7, það er svo mikil happatala.
- Hvað finnst þér mikilvægast í lífinu núna? - Að vera að ríða.
- Trúir þú á álfasögur? - Nei, þykkva-
bæjarkartöflufögur eru svo vondar.



VITS (þýðir brandarar á dönsku)

Af hverju eru ljóskur alltaf með marbletti í kringum naflann? Af því að ljóshærðir strákar eru líka heimskir.

MEIRI SPAKMÆLI!!!!!!

Það er of seint að byrgja barinn þegar barnið er dottið í það...ha...ha...ha.....

Enginn er verri þó hann sé perri.

Hugsaðu allt sem þú segir en segðu ekki allt sem þú hugsar.

Enginn er perri þó hann sé verri.

Strákar eru eins og strætó....maður verður að passa sig að lenda ekki undir þeim.

Forðist alnæmi.....stundið sjálfsfróun.

KARAOKE Á VITANUM!

Þriðjudaginn 4.maí var karaoke keppni á Vitnum. Það heppnaðist mjög vel og var þáttakan góð. Það er alveg með ólíkindum hvað þessi skóli hefur marga söngsnillinga.

En dómnefndina skipuðu þau: Toni, Kristín, Grétar Páll.

Í 3.sæti varð hún Jörunn

Í 2.sæti varð hún Día og

Í 1.sæti varð hún Lilja.

En með fallegustu fótleggina, varð Ingimundur fyrir valinu, sem sýndi góð tilþrif.


Ég vil þakka Stebba og Binnu á vitnum fyrir góðar móttökur

fyrir hönd nemendaráðs



Sigurbjörg Jónsdóttir.



Grimur að gera
sín skylustörf!



Einu sinni var strákur sem fann helling að eggjum. Hann var svo glaður. Síðan fór hann heim til sín að borða. Síðan fór hann út og fór að segja brandara.



SPAKMÆLI !!!!!

Keep the counrty green...fuck a frog.
.....

Útrýmum áfengi....drekku það allt!
.....

Don't walk on the grass....smoke it.
.....

Útrýmum smokkum.... fáum alnæmi.
.....

Taktu áhættuna...hugsaðu í skóla.
.....

Hjálpaðu löggunni...berðu þig sjálf(ur).
.....

Ég er svo fullkomin að ég er hætt að vera montin.
.....


Strákar eru eins og mýs....rata aldrei í rétta holu.
.....

Don't drink the wather.....the fish fuck in it.
.....

Strákar eru eins og svín....heppnir að við stelpurnar
erum dýravínir.
.....


Strákar eru eins og strætóekki hlaupa á eftir þeim
það kemur annar.
.....

Stelpur eru eins og strætó....bannað að fara inn að aftan.
.....



**HIN FJÖGUR FRÆKNU OG KARÓ
FREKNA !!!**

1. Ef þú færir í klippingu á hvaða hárgreiðslustofu færir þú?- Ég færi á Edilon.
2. Horfir þú á þáttinn matreiðslu-meistarinn á stöð 2 ?- Nei, ég er svo klár að elda.
3. Finnst þér skákmeislarar vera íþróttamenn?- Nei, þeir þurfa ei að gera teygjuæfingar.
4. Er það satt að þú ætlir að vera röntgentæknir þegar þú verður stór?
- Já, það er rétt, þeir fá nefnilega alltaf langloku með roastbeef í matartímanum.
5. Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 100 kr í happaprennu?- Fara til Spánar og kaupa íþróttasokka með einni blárri rönd og einni rauðri.
6. Hvernig tannkrem notar þú?- Ég er löngu hættur að nota tannkrem.



Einu sinni voru tveir tómatar að ganga yfir götu, þá var keyrt yfir annan tómattinn, þá kallaði hinn komdu þarna tómattsósan þín.



Hvernig færðu ljóskur til að fá glampa í augun? Þú lýsir með vasaljósi inn í eyrað á henni.



Matti sér í gegnum ráða-brúgqid í



Grímur segist opt la að hringja í ljóta karlinn og Villi verður hræddur.

Góð ráð til þess að losna við ágenga stráka.

SKO. ef að einhver strákur er að reina við þig og þú hefur ekki áhuga, þá skalt þú byrja á því að tannbusta þig ekki, og borða hvítlauk áður en að þú ferð að tala við hann (strákinn).


Svo skaltu segja við hann að hann sé algjör t.... karl og að hann eigi að koma sér í burtu.

Eða þá fara með honum heim og binda hann fastan við rúmið, fara svo í leðurvesti, leðurgryflur, sokkabönd og háhælaða skó.

Taktu svo fram svipuna og sláðu hann svo nokru sinnum og skildu hann svo eftir einan mað t..... út í loftið.

Birna Helga 10. bekk

Gott væri að losna við þennan.



Emmi kveppur!

Vitið þið afhverju Hafnirðingar setja alltaf stól út áður en að þeir fara að sofa. (Svo að sólin geti sest).

Viðtal við Garðar Þór í 9.bekk.


-Hvernig lítur kvenmaður drauma þinna út? -Algjör martröð.

-Hvað myndir þú taka með þér á eyðieyju í mánuð?-Gleðikonu í sjálfboðavinnu.

-Hvernig húsi ætlar þú að búa í þegar þú verður stór?-Smíðað úr hundraðköllum,einn gluggi úr þúsundköllum.

-Eru Hafnfirðingar heimskari en annað fólk?-Var Tarsan ekki konungur apanna?

-Einn góður Hafnf.brandari-Það var einu sinni Hafnfirðingur sem ætlaði að henda sér á jörðina en hitti ekki.



LÍBOSI
{ LÍBASA }



Hvað sagði ljóska-
tilkynnti henni

þegar læknirinn

að hún væri
Á ég

ófrísk?
það.


Hvers vegna var íbúð ljóskunnar tóm? Hún
innréttaði hana eftir elgin höfði.

Betri er mjólk í maga en lakkrís á læri!

Manni verður óglatt af þessarri yfirþyrmandi rómantik í
horninu á 10.bekkarstofunni.

Sumir Sandgerðingar eru HEIMSKIR!





EXCUSE ME,
WHILE I
KISS THE
SKY.

Pegar freknur verða margar og vaxa saman þá verður maður svona eiginlega brúnn á litinn. Sumir eru svolitlar dúllur með freknur. Og freknur gera breytingu á sumum.


Jákvætt við langar neglur:


Það er hægt að klípa svo vel með stórum nöglum. Svo er líka miklu fínna og snyrtilegra að vera með langar neglur.

HÖF: Íris Hrönn 9.bekk.



Fulltrúar nemendaráðs
í fararstjórn.
(Guð hjálpi okkur.)





← MUNKA-
MATUR Í
KIRKJUBÆJAR-
KLAUSTRI

(A tipikal Téurtsbæ-
klaust)

Einu sinni var lítill ungi. Hann var búinn að týna mömmu sinni. Hann var hræddur og hann fór að leita að mömmu sinni.

Hann var villtur og þá hitti hann hest. Þá sagði ungi litli: "Ert þú mamma mín?" Þá sagði hesturinn: "Nei, ég er ekki mamma þín. Ég er hestur, þú ert ungi, þá get ég ekki verið mamma þín." Þá fór ungi litli. Þá hitti hann hund. Þá sagði ungi litli:


"Ert þú mamma mín?" Þá sagði hundurinn: "Nei, ég get ekk verið mamma þín." Þá fór ungi litli að gráta. Þá kom mamma hans. Þá sagði ungi litli: "Ert þú mamma mín?", "Já, ég er mamma þín. Við skulum koma heim að borða."

Köttur út í mýri, setti upp á sig stýri.

HÖF: Bergey Erna.



Toni - hégóma munkur




Ljóska í
dulargerfi!

DRAUMAPRINSINN MINN !!!

Draumaprinsinn minn er með fallegan feitan maga á að giska 1 meter. Hann er með litlar freknur út um allt á sínu sjálflýsandi hörundi, sem er svo kynæsandi að ég gæti orgað. Á litlu kubbslegu fótunum eru þær svitamestu og yndislegust tær sem ég hef séð, það æsir mig svo upp þegar að svitinn fellur af þeim í lítratali. Svo er hann svo rosalega andfúll að það gæti liðið yfir mig að einskærri nautn. Draumaprinsinn minn er líka einstaklega sparsamur. Sem dæmi uma það get ég nefnt að þegar að ekkert er til að borða í ísskápnnum, sættir hann sig við það að borða það sem hendi er næst, úr nefinu. Líkamlega byggður líkist hann litlum sætum andarunga sem vaggar til og frá í hverju skrefi. Fleira get ég ekki nefnt um draumaprinsinn minn en ykkur ætti að vera orðið ljóst hversu yndislegur hann er.

Bína brjálaða.



Veist þú hvað ljóskaan sagði þegar hún leit ofan í cheeriospakkann? Nei sko kleinuhringjafræ.



HI EARTHLING!
I AM CREATURE FROM OUTER SPACE.
I HAVE TRANSFORMED MY SELF INTO
THIS PIECE OF PAPER. RIGHT NOW I AM
HAVING SEX WITH YOUR FINGERS.
I KNOW YOU LIKE IT BECAUSE YOU ARE
SMILING. PLEASE PASS ME OVER TO
THE NEXT PERSON BECAUSE I AM REALLY

HORNY!!!!!!!!!!!!!!

